

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á
lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 16 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 42 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf guld, þ. e. kr. 8 og kr. 21 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 644/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 64, 30. mars 1943, fyrir Sparisjóð
Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Stofnendur sjóðsins eru undirritaðir 63 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón sem sjóðurinn kann að verða fyrir en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 1 000 kr. Hver ábyrgðarmaður skal leggja fram ábyrgðarupphæð sína sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

2. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikningi hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum þó svo að frá teljast móttökudagar og úttökudagar og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

3. gr.

14. gr. 4. mgr. orðist svo:

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu vextirnir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það sem innstæðubókin telur.

4. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptardöguneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða, skal vera 21,0 mm. Í poka nótarinnar, sem miðast við 50 metra á korkateini, er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að nota til loðnuveiða loðnunætur með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm, sem teknar hafa verið í notkun fyrir útgáfu þessarar reglugerðar.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan